

**AUGLÝSING****um norræna tungumálasamninginn.**

Samningur Norðurlandanna um rétt norræna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi sem gerður var 17. júní 1981 tók gildi að því er Ísland varðar 25. júlí 1987. Var samningurinn fullgiltur af Íslands hálfu samkvæmt ályktun Alþingis 18. mars 1987.

Tilgangur samningsins er að auðvelda norrænum ríkisborgurum svo sem kostur er að nota eigin tungu í samskiptum við yfirvöld og aðrar opinberar stofnanir í öðru norrænu landi. Yfirvaldi eða stofnun ber að leitast við að gera norrænum ríkisborgara kleift að nota sitt eigið tungumál í samskiptum sínum við hinn opinbera aðila, sé þess nokkur kostur.

Þau mál sem samningurinn tekur til eru danska, finnska, norska og sænska, auk íslensku.

Meginmál samningsins (1.—8. gr.) er prentað sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Dómsmálaráðuneytið skal fylgjast með framkvæmd samningsins hér á landi, sbr. 8. gr. samningsins.

Samningur þessi birtist hér með öllum þeim til eftirbreytni sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. nóvember 1987.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Jón Thors.*

**Fylgiskjal.**

**Samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um rétt norræna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi.**

1. gr.

Þær tungur sem samningur þessi tekur til eru íslenska, danska, finnska, norska og sænska.

Samningurinn gildir bæði um munnleg og skrifleg samskipti við yfirvöld og aðrar opinberar stofnanir, þó ekki samskipti símleiðis.

## 2. gr.

Samningsríkin skuldbinda sig til að stuðla að því að ríkisborgari samningsríkis geti eftir þörfum notað eigin tungu í samskiptum við yfirvöld og aðrar opinberar stofnanir í öðru samningsríki. Auk samskipta við dómstóla á þetta sérstaklega við um samskipti við opinbera aðila, svo sem heilbrigðis-, félagsmála- og barnaverndaryfirvöld svo og vinnumarkaðs-, skatta-, lögreglu- og skólayfirvöld.

Í málum sem eru til meðferðar hjá dómstólum eða öðrum opinberum stofnunum skulu þessar stofnanir eftir því sem frekast er kostur hlutast til um að útvega ríkisborgara samningsríkis nægilega þjónustu túlks eða þýðanda. Í sakamálum skulu ríkisborgarar ávallt fá nauðsynlega aðstoð túlks.

## 3. gr.

Kostnaður við túlkun eða þýðingu í málum sem greind eru í 2. gr. greiðist af hinu opinbera. Þóknun til túlks vegna máls sem sætir opinberri ákæru skal ávallt greiðast af hinu opinbera.

Þetta kemur þó ekki í veg fyrir að samningsríki geti krafist greiðslu að nokkru eða öllu leyti fyrir þýðingu á skjali frá þeim sem lagði skjalið fram ef það inniheldur óparfar málalengingar eða er þýðingarlítið eða ef sérstakar ástæður eru að öðru leyti fyrir hendi. Þetta kemur heldur ekki í veg fyrir að samningsríki setji reglur um rétt hins opinbera til að endurkrefja kostnað við túlkun eða þýðingu frá þeim sem verður að standa straum af málskostnaði vegna þess að hann tapar máli eða af öðrum ástæðum.

## 4. gr.

Þeim sem dvelur á hæli eða stofnun skal, eftir því sem aðstæður leyfa, gefinn kostur á því að umgangast aðra sem hafa vald á sömu tungu.

## 5. gr.

Samningsríkin skulu leitast við að koma upp opinberri málþjónustu eða annars konar túlkunar- eða þýðingaraðstoð á stöðum þar sem nokkur hópur ríkisborgara annars samningsríkis dvelur og sem skilur ekki tungu dvalarlandsins. Þegar fjöldi slíkra ríkisborgara í dvalarlandinu eða á tilteknu svæði þar gefur tilefni til skal það ríki annast þýðingu og dreifingu leiðbeininga, bæklinga, eyðublaða, o. þ. h. sem auðveldað geta samskipti einstaklingsins og hins opinbera.

## 6. gr.

Samningsríkin skuldbinda sig til að leitast við að gera átak varðandi málþjónustu þegar aðstæður gefa tilefni til og efla milliliðalausa samvinnu yfirvalda samningsríkjanna með það í huga að markmið samningsins komist til framkvæmda.

## 7. gr.

Samningur þessi kemur ekki í veg fyrir að tvö eða fleiri samningsríki geri með sér sérstakt samkomulag þegar ástæða þykir til um frekari skyldur en hér er samið um.

## 8. gr.

Sérhvert samningsríki skal tilgreina þann aðila sem hafi það hlutverk að fylgjast með framkvæmd samnings þessa í ríkinu og að efla samvinnu ríkjanna um þau atriði sem samningurinn nær yfir.

Þá skal norræna ráðherranefndin einnig fylgjast með framkvæmd þessa samnings.